

## Tim Hunt – apríl 2020

(f. 1943), Nóbilverðlaunahafa í lífeðlisfræði og læknisfræði, léku þau spaugyrði á tungu, að stúlkur á rannsóknarstofu „verði ástfangnar og brynni músum, séu þær gagnrýndar.“

Spaugið um stúlkurnar og sjálfan sig lét hann falla í hádegisverðarboði reyndra kvenvísindamanna í Seoul. Spaugið hljómar svo: „Ég skal segja ykkur frá vandræðum mínum með stúlkur ... eitt af þrennu gerist, þegar þær eru til staðar í rannsóknarstofunni ... Ég verð ástfanginn af þeim, þær af mér, og þær bresta í grát við gagnrýni.“

Helen nokkur Cahill sendi spaugið inn á veraldarvefinn. Fyrr en varði streymdu til hans hatursfull skeyti. Helen hafði á orði: „Tim Hunt sýnir fram á, hvers vegna banna ætti gamla karla í raunvísindum.“

Þyngri viðbrögð fylgdu í kjölfarið. Tim neyddist til að draga sig í hlé frá mörgum virðingar- og ráðgjafarstöðum m.a. sem heiðursdoktor við háskólann í Lundúnum (University College London - UCL). Hið konunglega vísindafélag (The Royal Society) ýtti honum út í horn: „Allt of margt hæfileikafólk í vísindum á erfitt uppráttar sökum kynferðis. .. [P]að vakir fyrir félaginu að ráða á þessu bót,“ segir í tilkynningu. Þetta átti sér stað, þrátt fyrir margendurteknar viðkenningar hans og hrós til rannsókna kvenna, sem voru mikilvægar fyrir uppgötvanir hans.

Tim játaði karlrembu á blaðamannafundi við alþjóðlega vísindaráðstefnu. Hann sagði: „Mér þykir afar leitt, að kaldhæðniskennt spaug mitt hafi fengið svo alvöruþrungnar viðtökur – mér þykir miður, hafi fólk móðgast. Það vakti svo sannarlega ekki fyrir mér að gera lítið úr konum, heldur fremur að segja heiðarlega frá eigin ljóði.“

Í viðtali við BBC, sagði Tim: „Ég stend við það, sem ég sagði um vandræði mín með stúlkum. ... Ég hef orðið ástfanginn á rannsóknarstofu og fólk orðið ástfangið af mér. [P]að er truflandi fyrir vísindaiðkun ...“ Hann lagði til, að rannsóknarstofur yrðu kynaðgreindar.

Tim hlotið mikilvægan stuðning frá mörgum kvenvísindamönnum. Tæpir þrír tugir vísindamanna mótmæltu í bréfi til dagblaðsins, Tímans (The Times), þar af helmingur konur, þeirri opinberu smánun, sem Tim hefði mátt þola.